4
12. jan.

4. Eigi sjómaðurinn systkin á lífi, er hann dó, en hvorki ekkju, börn nje foreldra, þá tekur sá maður, er skiptaráðandi skipar, við allri upphæðinni til jafnra skipta milli systkinanna.

5. Sjeu engir slíkir vandamenn til en sjómaðurinn hafi gjört lögmæta erfaskrá, þá skal sá taka við vátryggingarupphæðinni, sem þar er ákveðið, en hafi slík erfðaskrá ekki verið gjörð, eignast vátryggingarsjóðurinn upphæðina.

Nú deyr sá eða þeir allir, sem vátryggingarupphæðarinnar njóta, áður en búið er að borga hana alla út, og fellur þá það, sem eptir er af henni, til þeirra, sem nefndir eru hjer að ofan í næsta tölulið á eptir.

6. gr.

Vátryggingarupphæðirnar greiðast í Reykjavík gegn lögmætri kvittun.

7. gr.

Hafi eigi spurzt til skips eða skipshafnar í fulla 6 mánuði, skal svo álíta að hún hafi drukknað þegar eptir að síðast spurðist til hennar.

8. gr.

Ársreikningur fjelagsins skal endurskoðast af manni, er landsstjórnin nefnir til og hún úrskurðar og kvittar fyrir reikninginn.

Reykjavík, 12. janúar 1904.

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

**Magnús Stephensen.**

*Jón Magnússon.*

5

# Reikningur

um tekjur og gjöld styrktarsjóðs Kristjáns konungs hins níunda fyrir árið 1903.

Tekjur :

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1903 B. 44. bls.): | | | | |
| a. Innritunarskírteini Ltr. A, fol. 84 . . . | kr. | 8600 00 | | |
| b. Í landsbankanum með sparisjóðskjörum . | — | 1033 70 | | |
| c. Óhafðir vextir af innritunarskírteini . . | — | 301 00 | kr. | 9934 70 |
| 2. Ársvextir af innstæðu sjóðsins: | | | | |
| a. af innritunarskírteini til $^{11}/_{6}$ og $^{11}/_{12}$ 03 . | kr. | 301 00 | | |
| b. af fje í landsbankanum til $^{31}/_{12}$ 03 . . . | — | 45 72 | kr. | 346 72 |
| | | | Samtals kr. | 10281 42 |

Utgjöld: 5

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1. Heiðursgjafir veittar: | | | | |
| a. Ólafi bónda Þorbjarnarsyni á Kaðalstöðum | kr. | 140 00 | | |
| b. Birni bónda Þorsteinssyni í Bæ . . . | — | 140 00 | kr. | 280 00 |
| 2. Sjóður við árslok: | | | | |
| a. Innritunarskírteini Ltra A fol. 84 . | kr. | 8800 00 | | |
| b. Í landsbankanum með sparisjóðskjörum . | — | 1401 42 | — | 10001 42 |
| | | Samtals | kr. | 10281 42 |

Reykjavík 5. janúar 1904.
Landshöfðinginn yfir Íslandi.
Magnús Stephensen

## Reikningur 6

yfir tekjur og gjöld gjafasjóðs Hannesar prestaskólakennara Árnasonar fyrir árið 1903.

Tekjur:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1. Sjóður í ársbyrjun (Stjórnartíð. 1903 B 44.—45. bls.): | | | | |
| a. Lán Reykjavíkurkaupstaðar . . . . . . | kr. | 31000 00 | | |
| b. Lán gegn fasteignarveði . . . . . . . | — | 19000 00 | | |
| c. Í landsbankanum með sparisjóðskjörum . | — | 3141 62 | kr. | 53141 62 |
| 2. Vextir af höfuðstóli: | | | | |
| a. af láni Rvíkurkaupstaðar til 11/6 og 11/12 03 | kr. | 1240 00 | | |
| b. af lánum gegn fasteignarveði til 11/6 03 . | — | 753 72 | | |
| c. af fje í landsbankanum . . . . . . . | — | 55 02 | kr. | 2048 74 |
| | | Samtals | kr. | 55190 36 |

Utgjöld:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1. Styrkur greiddur cand. mag. Ágúst Bjarnasyni . . . . | | | kr. | 2000 00 |
| 2. Fyrir grindur í kringum legstað gefandans . . . . . . | | | — | 250 00 |
| 3. Sjóður í árslok: | | | | |
| a. Lán Reykjavíkurkaupstaðar . . . . . | kr. | 30000 00 | | |
| b. Lán gegn fasteignarveði . . . . . . . | — | 20900 00 | | |
| c. Í landsbankanum með sparisjóðskjörum | — | 2040 36 | kr. | 52940 36 |
| | | Samtals | kr. | 55190 36 |

Reykjavík 5. janúar 1904,

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

**Magnús Stephensen.**